

Sp.

428. Tillaga til þingsályktunar

[165. mál]

um útgáfu á blaðagreinum Jóns Sigurðssonar.

Flm.: Emil Jónsson, Bjarni Benediktsson, Eysteinn Jónsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar, að gefið skuli út safn blaðagreina eftir Jón Sigurðsson forseta, er komi út árið 1961, á 150 ára afmæli hans. Felur Alþingi ríkisstjórninni að leita samninga við Menntamálaráð Íslands um, að Bókaútgáfa menningarsjóðs standi fyrir útgáfunni gegn ríkisstyrk, er nemi kr. 100000.00 á ári í þrjú ár. Hagnaður sá, sem verða kann af útgáfu þessari, renni óskiptur í sjóðinn „Gjöf Jóns Sigurðssonar“.

Greinargerð.

Árið 1961 verða liðin 150 ár frá fæðingu Jón Sigurðssonar forseta. Hlýtur það að teljast sjálfsgöð ræktarskylda við minningu hans, að þess afmælis sé minnzt með viðeigandi hætti. Kemur þar eigi sízt til greina, að gefið verði út eitthvað af þeim gagnmerku ritverkum, sem eftir hann liggja. Hefur Menntamálaráð Íslands lagt til, að fyrir valinu verði blaðagreinar, en hann ritaði sæg þeirra í innlend og erlend blöð. Eru þær dreifðar víðs vegar og ýmsar lítt kunnar hér á landi. Má í því sambandi vekja athygli á þeirri staðreynd, að á árunum 1862—1871 var Jón Sigurðsson leynilegur fréttaritari norska blaðsins „Christiania Intelligentssedler“. Þetta blaðamennskustarf Jóns Sigurðssonar fór svo leynt, að aldrei komst upp um hans daga. Blaðagreinar þessar, sem eru á fjórða hundrað talsins, bregða að mörgu leyti nýrri birtu á pólitíska starfsemi Jóns Sigurðssonar. Þær fjalla margar um dönsk stjórn-mál á þeim árum, sem Danir voru að missa hertogadæmin úr höndum sér, og fær Jón þarna tækifæri til að láta í ljós skoðanir sínar á dönskum stjórn-málum og utanríkisstefnu. Það verður einnig ljóst af greinum þessum, að Jón Sigurðsson hefur haft afar mikla þekkingu á evrópskum utanríkismálum og séð lengra og dýpra en flestir danskir stjórn-málamenn honum samtíða. Að öðru leyti fjalla greinarnar all-mikið um íslenzk málefni, auk þess sem þar er vikið að flestu, sem fréttæmt mátti telja á sviði bókmennta, vísinda og lista. Greinar þessar eru ekki til hér á landi, og við þær hefur ekki verið stuðzt í hinni miklu ævisögu Jóns né öðrum ritum um hann. Er hér því um að ræða nálega alóþekkan þátt í ævi stjórn-málamannsins og rithöfundarins Jóns Sigurðssonar.

Auk þessa greinabálks er í fjölda erlendra og innlendra blaða að finna gagn-merkar greinar eftir Jón Sigurðsson, þar sem hann fjallar um margvísleg efni, er Ísland varða, stjórn-mál, atvinnumál, menntamál, sögu, bókmenntir o. m. fl.

Gera má ráð fyrir, að blaðagreinar Jóns Sigurðssonar ásamt nauðsynlegum skýringum fylli þrjú allstór bindi, um 500 bls. hvert. Heildarkostnaður við útgáfu þessara þriggja binda er áætlaður kr. 750000.00—800000.00. Hefur stjórn Bókaútgáfu menningarsjóðs samþykkt að annast útgáfuna gegn fjárhagsstyrk þeim, sem til-greindur er í þingsályktunartillögu þessari.

Verði hagnaður á útgáfunni, þykir fara vel á því, að hann renni í sjóðinn „Gjöf Jóns Sigurðssonar“. Tilgangur þess sjóðs er að verðlauna vel samín vísindarit, er hlíta að sögu Íslands, bókmenntum þess, lögum, stjórn eða framförum. Er þess full þörf, að sjóður þessi, sem var stofnaður með dánargjöf Jóns Sigurðssonar, verði efldur, svo að hann geti gegnt hlutverki sínu. Sjóðurinn er nú rúmar 30000.00, árs-vextir rúmar 1500.00, en vöxtum einum má verja til verðlauna.